

## 69. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 7.12. 2021, kl. 13:30

---

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Jóhann F. Þórhallsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Helgi Gíslason sveitarstjóri. Undir dagskrárlíð 1. var mættur Skúli Björn Gunnarsson, undir dagskrárlíð 2. var Sigurður Álfgeir Sigurðsson endurskoðandi sveitarfélagsins í fjarfundarþúnaði og undir dagskrárlíð 7. var mættur Jónas Bragi Hallgrímsson.

### Dagskrá:

1. Gunnarsstofnun-skýrsla um samstarfssamninginn og Skógarafurðir, Skúli Björn Gunnarsson
2. Fjárhagsáætlun 2022-2025 síðari umræða. Sigurður Álfgeir Sigurðarson
3. Viðauki 2 við fjárhagsáætlun 2021 og launaviðauki
4. Gjaldskrár og samþykkir Fljótsdalshrepps fyrir árið 2022
5. Innviðagreining Fljótsdalshrepps.
6. Umhverfis og loftslagsstefna Fljótsdalshrepps
7. Notagildi dróna. Jónas Bragi Hallgrímsson
8. Fundargerðir:
  - a. Byggingarnefndar 19. 11.2021 og minnisblað
  - b. Húsnefndar 30.11.2021
  - c. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 29.10.2021
  - d. Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Austurlands 3.11.2021
  - e. Almannaþing 1.11.2021
  - f. Almannaþing 22.11.2021
  - g. Fundur vinnuhóps almannaþinga 4.11.2021
  - h. Fundargerð stjórnar Ársala 3.11.2021
  - i. Vatnajökulspjöldgarður svæðisráð austursvæðis 10.11.2021
9. Ársreikningar:
  - a. Brunavarna á Austurlandi 2020
  - b. Skólaskrifstofu Austurlands 2020
10. Erindi um Ljósmyndasafn Austurlands
11. Erindi um umhverfisstyrki á Hjarðarbóli
12. Samningur um sameiginlega félagsþjónustu
13. Skýrsla sveitarstjóra.

#### 14. Önnur mál:

*Skúli Björn Gunnarson kom inn á fundinn*

#### 1. Gunnarsstofnun-skýrsla um samstarfssamninginn og Skógarafurðir

Skúli Björn fór yfir þau verkefni sem Gunnarsstofnun vann að fyrir sveitarfélagið og nefndi einnig að fram undan séu mörg verkefni.

Skúli Björn fór einnig yfir málefni Skógarafurða og sagði meðal annars frá að búið er að gera rekstrar- og framkvæmdaáætlun til næstu 5 ára. Fyrirtækið hefur einnig sótt um styrki til kaupa á nýjum tækjum og að betrubæta aðstöðuna.

Erindi frá Skógarafurðum barst sveitarstjórn 2. nóvember, er varðaði ósk um stuðning við fyrirtækið. Í framhaldi af umræðum um málefni Skógarafurða var sveitarstjóra falið að ganga til samninga við fyrirtækið um efniskaup vegna verkefna á vegum sveitarfélagsins.

*Skúli Björn Gunnarson vék af fundinum*

*Sigurður Álfgeir Sigurðarson endurskoðandi kom inn á fundinn á Teams*

#### 2. Fjárhagsáætlun 2022-2025 síðari umræða.

Sigurður Álfgeir endurskoðandi kom inná fundinn á Teams. Sigurður fór yfir fjárhagsáætlun ársins 2022 og þriggja ára áætlun áráanna 2023-2025. Sigurður fór yfir breytingar á fjárhagsáætlunar frá fyrri umræðu og frá vinnufundi Sveitarstjórnar 1. Desember sl.

Áætluð afkoma ársins 2022 er með afskriftum áætluð neikvæð (A og B hluti) 28,3 millj. Afskriftir eru áætlaðar 32,3 millj. Fjárfestingar eru áætlaðar nettó samtals 200 millj. og er þjónustuhús við Hengifossá þar á meðal.

Áætluð afkoma ársins 2023 (A og B hluti) er með afskriftum áætluð jákvæð 34,7 millj. Afskriftir áætlaðar 28,3 millj. Söluhagnaður fastafjármuna áætlaður 31,3 millj. Fjárfestingar áætlaðar að fjárhæð 70 millj. en eignasala er áætluð fyrir 100 millj.

Áætluð afkoma ársins 2024 (A og B hluti) með afskriftum er áætluð jákvæð 0,3 millj. Áætlaðar fjárfestingar 70 millj.

Áætluð afkoma ársins 2025 með afskriftum (A og B hluti) er áætluð jákvæð 0,8 millj. Áætlaðar fjárfestingar 70 millj. Handbært fé í lok tímabils er áætlað 44 millj.

Til samræmis við 66. gr. Sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samhliða umfjöllun og samþykkt fjárhagsáætlunar Fljótaldalshrepps vegna ársins 2022 og þriggja ára áætlunar áráanna 2023-2025,

eru lögð fram gögn um mat á áhrifum fjárfestingar sveitarfélagsins í Þjónustuhúsi við Hengifossá á fjárhag sveitarfélagsins.

Að loknum umræðum var lögð fram eftirfarandi bókun:

„Sveitarstjórn samþykkir framlagða fjárhagsáætlun fyrir árið 2022, ásamt þriggja ára áætlun 2023 – 2025.“

Samþykkt samhljóða.

### 3. Viðauki 2 við fjárhagsáætlun 2021 og launaviðauki

Sveitarstjórn leggur fram svohljóðandi viðauka nr. 2 við fjárhagsáætlun 2021:

Deild 0001 Útsvar (Aðalsjóður): Tekjur umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun, Tekjur samtals 11.000.000 króna.

Deild 1031 Rekstur gatnakerfis (Aðalsjóður): Gjöld innan við það sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun, lækkun gjalda samtals 5.000.000 króna.

Deild 1189 Umhverfisstyrkir (Aðalsjóður): Gjöld umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun, Gjöld samtals 35.000.000 króna.

Deild 2140 Skrifstofa Sveitarstjóra (Aðalsjóður): Gjöld innan við það sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun, lækkun gjalda samtals 5.000.000 króna.

Deild 3132 Byggðakjarni (Eignasjóður): Gjöld innan við það sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun, lækkun gjalda samtals 20.000.000 króna.

Deild 3131 Félagsheimili - Végarður (Eignasjóður): Gjöld umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun, Gjöld samtals 9.000.000 króna.

Deild 32 Fjárfestingar (Eignasjóður): Fjárfestingar innan þess sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun, lækkun fjárfestinga samtals 136.000.000 króna.

Breyting viðauka í reikningshaldi sveitarfélagsins er hækkun tekna að fjárhæð 11.000.000 króna og aukning útgjalda að fjárhæð 9.000.000 króna. Jafnframt lækkun fjárfestinga samtals 136.000.000 króna. Nettó breyting viðaukans er hækkun á handbæru fé að fjárhæð 133.000.000 króna.

Samþykkt samhljóða.

Launaviðauki:

Lagður er fram viðauki nr. 1 við ráðningarsamning Fljótsdalshrepps gangvart Sveitarstjóra.

Viðaukinn er samþykktur samhljóða.

Oddvita er falið að ganga frá undirritun viðaukans fyrir hönd sveitarfélagsins.

#### **4. Gjaldskrár og samþykki Fljótsdalshrepps fyrir árið 2022**

Sveitarstjórn samþykkir að útsvarsprósenta Fljótsdalshrepps verði 12,44%, sorpgjald og rotþróargjald verði óbreytt. Álagningarprósentur fasteignaskatts verði 0,40% A flokkur, 1,32% B flokkur og 1,65 % C flokkur.

Samþykkt að reglur um niðurfellingu, eða styrki vegna fasteignaskatts verði óbreyttar 2022.

Álagningar- og innheimtureglur vegna fasteigna- og þjónustugjalda 2022. Samþykkt að afslátt (skv. reglunum ) til örorku-og ellilífeyrisþega sem rétt eiga, á niðurfellingu fasteignaskatts á samþykktu íbúðarhúsnæði sem viðkomandi býr í verði kr. 70.000,- . sama krónutala og árið 2021. Samþykkt að tekjuviðmið verði þau sömu og árið 2021, þannig að tekjumörk einstaklinga eru kr. 4.000.000,- og hjóna og samskattaðs sambýlisfólk eru kr. 5.500.000,- Fullur afsláttur er veittur upp að þeim tekjumörkum.

Samþykkt að námsstyrkir til framhaldsskólanema 16-25 ára verði áfram veittir á árinu 2022 og verði kr. 125.000,- per önn.

Samþykkt að menntastyrkir verði veittir 2022 og verði kr.250.000,- , gildi sömu reglur og 2021.

Samþykkt að frístundastyrkir fyrir hvern einstakling á aldrinum 6-18 ára verði í kr. 35.000,- 2022.

Samþykktar óbreyttar reglur um styrki til sauðfjárvótakaupa.

Samþykkt að styrkja á árinu 2022 sauðfjárbændur í Fljótsdal, sem láta bólusetja við garnaveiki, sem nemur kostnaði við lyf.

Samþykkt að verktakataxti fyrir grenjaleit verði kr. 5000 á tímann.

Reglur Fljótsdalshrepps um niðurgreiðslur vegna daggæslu barna í heimahúsum. Er í endurskoðun.

Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning hjá Fljótsdalshreppi. Samþykktar óbreyttar.

Samþykkt að hækka launakjör sveitastjórnar og nefnda sem nemur hækkun launavísitölu frá janúar 2021 til janúar 2022.

Samþykkt að reglur um umhverfisstyrkir 2022 verði óbreyttir frá 2021.

Samþykkt samhljóða.

*Sigurður Álfgeir Sigurðarson endurskoðandi vék af fundi*

## **5. Innviðagreining Fljótsdalshrepps**

Sveitarstjóra falið að skoða eitt atriði í innviðagreiningunni að öðru leiti er hún samþykkt í sveitarstjórn. Skýrslan var unnin af verkefnastjóra Fögur framtíð í Fljótsdal ásamt starfsmönnum Austurbrúar. Hún verður gefin út á prenti en mun einnig verða aðgengileg á netinu.

## **6. Umhverfis og loftslagsstefna Fljótsdalshrepps**

Lárus leggur til að afgreiðslu stefnunnar verði frestað til næsta fundar. Verið er að vinna að frágangi á loftslagsstefnunni sem verður tilbúinn fyrir janúarfund sveitarstjórnar.

Samþykkt.

*Jónas Bragi Hallgrímsson kom inn á fundinn*

## **7. Notagildi dróna. Jónas Bragi Hallgrímsson**

Jónas Bragi kynnti fyrir sveitarstjórn margvíslega möguleika á notkun dróna, bæði við skipulagsgerð og landbúnað.

*Jónas Bragi Hallgrímsson vék af fundinum*

## **8. Fundargerðir:**

- a. Byggingarnefndar 19.11.2021 og minnisblað  
Fundargerð kynnt.

Liður 3. Er varðar gistihús á lóð Óbyggðasetursins á Egilsstöðum, sótt um byggingarleyfi.

Liður 4. Erindi frá Skógarafurðum og varðar Víðivellir ytri II, sótt um stöðuleyfi fyrir tjaldskemmu og gám.

Liður 7. Þjónustubygging við Hengifossá, sótt um byggingarleyfi fyrir byggingu þjónustuhúss.

Sveitarstjórn samþykkir útgáfu upptalinna leyfa.

- b. Húsnefndar 30.11.2021  
Kynnt.
- c. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 29.10.2021  
Kynnt.
- d. Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Austurlands 3.11.2021  
Kynnt.
- e. Almannavarna 1.11.2021

- Kynnt.
- f. Almannaævanna 22.11.2021  
Kynnt.
- g. Fundur vinnuhóps almannaævanna 4.11.2021  
Kynnt.
- h. Fundargerð stjórnar Ársala 3.11.2021  
Kynnt.
- i. Vatnajökulspjóðgarður svæðisráð austursvæðis 10.11.2021  
Kynnt.

## 9. Ársreikningar:

- a. Brunavanna á Austurlandi 2020  
Kynnt.
- b. Skólaskrifstofu Austurlands 2020  
Kynnt.

## 10. Erindi um Ljósmyndasafn Austurlands

Samþykkt að fresta erindinu.

## 11. Erindi um umhverfisstyrki á Hjarðarbóli

Samkvæmt úthlutunarreglunum getur greiðsla samþykktra umhverfisstyrkja færst á milli ára en þó ekki lengur en í tvö ár frá lokum þess árs sem umsókn var samþykkt (úthlutunarár). Sveitarstjórn er heimilt að veita undanþágu frá þessu séu gildar ástæður fyrir því að ekki hafi verið unnt að ljúka verkefni og úttekt á því innan tilgreindra tímamarka. Búið er að framlengja viðkomandi styrk sem er frá 2018 einu sinni í eitt ár. Sveitarstjórn sér ekki fært að framlengja styrknum frekar.

## 12. Samningur um sameiginlega félagsþjónustu

Drög að samningi kynnt og sveitarstjóra falið að vinna málið áfram með lögfræðingi sveitarfélagsins.

## 13. Skýrsla sveitarstjóra

Skipulag á Hjarðarbóli. Skipulagslýsingu er lokið og umsagnarfrestur um það liðinn. Byggingarnefnd og skipulagsfræðingur vinna úr umsögnum og vinna við aðalskipulagsbreytingu er hafinn.

Þjónustuhús við Hengifoss. Lokið hefur verið við jarðvegsskipti fyrir húsið og vænta má þess að boðið verði út um miðjan mánuð.

Verið að setja neðri göngubrúna yfir Hengifoss og komnar undirstöður.

Húsnæðisáætlun Fljótsdalshrepps hefur verið færð inn í nýtt tölvukerfi.

**14. Önnur mál**

Samþykkt að sveitarstjóri fari með atkvæðisrétt sveitarfélagsins á aðalfundi Héraðsskjalasafnsins.

Fundi slitið klukkan 18:16

Lárus ritaði fundargerð í tölvu

-----  
Jóhann F. Þórhallsson

-----  
Anna Jóna Árnarsdóttir

-----  
Eiríkur J. Kjerúlf

-----  
Gunnþórunn Ingólfsdóttir

-----  
Lárus Heiðarsson